

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn í Bændahöllinni Hótel Sögu 2. Nóvember 2019

Sveinn Steinarsson formaður félagsins setur fundinn og skipar starfsmenn, fundarstjóri er Helgi Eggertsson og Eysteinn Leifsson ritar fundinn.

Fundarstjóri hefur dagskrá og kjörbréfanefnd sem skipar Jón Bjarna Þorvaldsson og Sigrík Jónsson, þeir hefja störf.

Gestir taka til mál og fyrsti gestur er:

-Sigríður Þorvaldsdóttir frá Landgræðslunni og fór yfir verkefnið Hagagæði.

-Sigurborg Daðadóttir yfirlæknir fór yfir það starf MAST er lítur að þætti hestsins, hún fór sérstaklega yfir þann taugalömunar sjúkdóm sem herjaði á bæ hérlendis, þessi sjúkdómur kom fyrst upp í Svíþjóð en hefur ekki áður greinst hér á landi.

-Sigurður Eypórsson framkvæmdarstjóri BI ávarpaði fundinn í fjarveru formanns, hann fór yfir þær breytingar sem eru að verða hjá B.Í eftir að búnaðargjaldið var felld niður og er mikil hagræðing, breyting og samdráttur í starfsemi félagsins og mun mikið færast yfir til RML. Nú eru 27 starfsmenn í 25 stöðugildum en verða 9 eftir breytingar. Hann fór yfir þá umræðu sem verið hefur í umhverfismálum og að ábyrgðin sé ekki eingöngu þeirra sem setja reglur heldur okkar allra sem neytanda, einnig þekking og reynsla okkar bænda.

-Sveinn Ragnarsson deildarstjóri á Háskólanum að Hólum í Hjaltadal fór yfir starfsemi og námskrá skólans sem nú er 10 ára gömul, um tveggja ára skeið hefur verið í vinnslu að setja á laggirnar svokallað meistaranámsdeild innan skólans en hefur strandað á fjármagni, hann bað um stuðning greinarinnar til þess.

-Sveinn Steinarsson formaður flytur skýrslu stjórnar félagsins.

-Heiðrún Eymundsdóttir varaformaður FHB flytur reikninga félagsins í fjarveru Vignis Sigurðssonar gjaldkera.

-Jón Bjarni fór yfir kjörbréf, sjö félög sendu fulltrúa

Orðið gefið laust um skýrslu stjórnar og reikninga sem síðar voru bornir til atkvæða og samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

Kaffihlé 10 mín

-Jelena Ohm kynnti verkefnið Horses of Iceland, fór yfir grunnstoðir þess og þær áherslur á markaði og verkefni sem var lagt upp með í upphafi, fór yfir mikilvægi og mælikvarða á fylgjendur á samfélagsmiðlum, einnig fjölda samstarfsaðila og að mikill og aukinn áhugi er hjá þeim að koma í verkefnið. Hún kynnti þær sýningar sem tekið var þátt í á árinu og sýndi myndir af kynningarbásnum sem er glæsilegur og vel sýnilegur á sínu svæði. Að lokum minnti hún okkur á að til að ná árangri í markaðssetningu þyrfti að vinna til langs tíma og hvatti hún okkur til að vinna verkefninu áframhaldandi tilgang.

Sveinn fór yfir framtíð HOI og nefndi mikilvægi þess að FHB kom myndarlega að verkefninu í upphafi, var með stærsta fjárhlutfallið enda mikilvægt að félagið stuðli að því að markaðstarf sé stundað með langtímahagsmuni í huga, á sameiginlegum vettvangi þar sem sem flestir hagsmunaaðilar koma að málum. Sú þekking sem við búum orðið að eftir tæplega 5. ára starf er ómetanlegt, því þurfum við að halda áfram að á sömu braut og gera enn betur á næstu árum.

Heimir Gunnarsson kynnti breytingar á dómskala og ræktunarmarkmiðum, vægi byggingar mun lækka úr 40% í 35% en færast yfir á hæfileika þar sem hækkunin mun beinast að rétttri líkamsbeitingu hestsins og þar með nátengt sköpulagi hans.

Tvær hæfileika og aðaleinkunnir verði reiknaðar hvort heldur með skeiði eða ekki til að auðvelda samanburð hesta, þessar breytingar verða kynntar á aðalfundi FEIF í febrúar, þessar breytingar hafa vera kynntar í mjög mörgum aðildarlöndum FEIF þó svo breytingin komi upphaflega frá Íslandi þurfa aðildar löndin að samþykkja þær.

Ein tillaga lá fyrir fundinum, frá Hrossaræktarsamtökum Suðurlands

Tillagan lítur að útgáfu skilgreiningarorðabók yfir faghugtök í umræðu um hrossarækt, tamningar, þjálfun og sýningar hrossa auk almennrar hestamennsku og fleira.

Tillaga:

Hrossaræktarsamtök Suðurlands skora á aðalfund Félags hrossabænda haldinn 2. nóvember 2019 að samþykkja að félagið láti semja skilgreiningaorðabók yfir faghugtökin í umræðunni um hrossarækt, tamningar, þjálfun hrossa, sýningar, almenna hestamennsku og fleira.

Rökstuðningur:

Ofangreind umsvif hestamenskunnar eru full af hugtökum sem menn skilja á misjafnan hátt og það býður heim mistúlkunum, misskilningi og ýtir undir óþarfan ágreining. Skilgreiningaorðabækur eru til yfir flest sérsvið fræðilegrar umfjöllunar og flokkast gjarnan sem biblíur í fræðibókmenntunum. Í ýmsu tilliti eru þær ekki síður mikilvægar en hinar orðfleiri kennslu- og yfirlitsbækur fræðasviðanna almennt. Ekkert er eins mikils virði fyrir góða umræðu og framfarir á þekkingarsviði og vel skilgreind hugtök, hugtök sem allir skilja tærum skilningi og nota eins. Það dregur svo mikið úr misskilningi og gagnslausri umræðu að ein ákveðin hrein merking sé í hverju lykilhugtaki, að það er í sjálfu sér undrunarefni að ekki skuli vera búið að gera slíka skilgreiningaorðabók fyrir hrossafræðin fyrir löngu.

Umræða um tillöguna leyfð og velt upp þeirri spurningu hvort sambærileg bók væri til t.d í öðrum hestakynjum, bent á að allir hagsmuna aðilar hestamenskunnar þurfi að koma að gerða slíkrar bókar.

Nokkrar umræður voru um verklag, fjármagn og hvert tillögunni verði vísað og í hvaða ferli verkefnið fari sé hún samþykkt, margir bentu á öll þau ólíku orð t.d á íslensku sem erfitt er að þýða yfir marga eiginleika. Nauðsynlegt sé þó að vernda íslenskt mál og þau hugtök sem hafa fylgt okkur alla tíð þrátt fyrir breytta tíma.

Breytingartillaga við tillöguna barst frá Hrefnu Jónsdóttir: Að félagið skoði (í stað láti) með útfærslu og framkvæmd þess að semja skilgreiningarbók yfir faghugtökin.

Breytingartillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Sveinn kynnti stöðu mála í sumarexems verkefninu, fór vel í stöðu verkefnisins sérstaklega þann þátt hrossaræktarsamtaka Suðurland, Eyfirðinga og Þingeyinga sem styrktu verkefnið myndarlega á þeim tíma sem verkefnið stóð tæpt.

Eysteinn kynnti stöðu mála er varða kaup þeirra 27 hrossa sem þarf í verkefnið, búið er að ganga frá kaupum á 25 hrossum og 20 af þeim hafa staðist skoðun, 5 hross nú þegar komin að Keldum en þangað þurfa öll hross að vera komin fyrir 1. Des.

Sveinn fór yfir fjárhagsáætlun næsta árs í grófum dráttum, að þáttur FHB í HOI yrði aðeins lækkaður og á næsta ári verði hann lækkaður úr 4 í 3 milljónir. Sveinn leitaði til fundarmanna um þeirra hug varðandi verkefnið og framhald þess, einhugur var í þeim sem tóku til máls að halda áfram því góða starfi sem HOI er að gera.

Umræður urðu um fjárhag félagsins og hvernig hægt væri að auka tekjur þess, tillaga er um að hækka félagsgjöldin um 1.000 kr, Sigríkur taldi að hækka þyrfti meira.

Sveinn fór yfir þá umræðu sem á sér stað milli í kjölfar búvörusamninga og von okkar að hrossaræktin falli undir sama hatt og skógarbændur.

Fundarstjóri bar upp ályktun þess efnis að FHB haldi áfram stuðningi við HOI, hún var *samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.*

Tillaga frá stjórn að hækka félagsgjaldið úr 10.000 kr í 11.000 kr
Fundarmenn nokkrir hafa áhyggjur af fækkun muni félagsgjaldið hækka og þar með aukist ekki tekjurnar, Pálmi Guðmundsson skoraði á stjórn að finna fleiri tekjumöguleika til að reka félagið því ekki sé hægt að ganga öllu lengur á sjóði félagsins, Sveinn sagði stjórn meðvitaða um það og eftir næsta ár verði leitað jafnvægis í rekstrinum, allt er þetta tilkomið vegna þess að búnaðargjaldið var fellt niður og þar með fóru þær tekjur frá FHB.

*Breytingartillaga borin upp um að félagsgjaldið verði óbreytt, sú tillaga var felld
Tillagan um 11.000 kr félagsgjald var samþykkt samhljóða.*

Kosningar:

Kosningar formans :
Sveinn Steinarsson var kjörinn formaður.

Kosning varamanna :
Sigríkur Jónsson, Einar Ben Þorsteinsson og Sigurgeir F. Þorsteinsson kosnir varamenn

Kosning skoðunarmenn reikninga:
Birna Hauksdóttir og Zophonías Jónmundsson.

Önnur mál:

Sveinn Ragnarsson hvatti menn til dáða varðandi áframhaldandi þátttöku í HOI og sagði það verkefni besta markaðsverkefni sem unnið hefur verið og yrði skilyrðislaust að halda því áfram, síðan fór hann yfir þá hættu er stafar af afkvæmum blóðmera sem seld eru á lágu verði sem varðandi reiðhross og þar með er okkar ímynd í hættu, hann beinir því til fundarins hvort hægt sé að auðkenna þau hross sem notuð eru í blóðframleiðslu sérstaklega í WF ? Nokkur umræða varð um þetta hvað hægt sé að gera varðandi auðkenningu þessara hrossa.

Tillaga:

Sveinn Ragnarsson beinir því til stjórnar FHB að hún kanni hvort hægt sé auðkenna sérstaklega í WF, hryssur sem eru notaðar í blóðtöku og afkvæmi þeirra.
Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema einu.

Tillaga:

HSS beinir því til stjórnar FHB/Fagraðs að skoða reglur um greiðslur sýningargjalda á kynbótasýningar einkum hvað varðar möguleika á að færa greidd sýningargjöld milli kynbótasýninga innan ársins og reglur um endurgreiðslu ónotaðra sýningagjalda.
Tillagan samþykkt samhljóða.

Páll Imsland fór yfir hugmynd sem varpað fram árinu um að komið verði á netsamskiptum milli stjórnamanna allra hrossaræktarsamtaka á landinu, í því skini að auka samskipti og skoðanaskipti milli stjórnamanna um ræktunarstarfið og aðra hagsmuni sem okkur varða. Ágæt hugmynd sem stefnt er að því að þróa áfram.

Formaður þakkaði fundarfólki fyrir fundarsetuna og það traust sem honum var sýnt við kosningu í formannsembættið.

Skýrsla formanns/stjórnar

Aðalfundur félags hrossabænda 2. nóvember 2019.

Stjórn Félags hrossabænda er skipuð þeim Sveini Steinarssyni formanni , Vigni Sigurðssyni gjaldkera, Heiðrúnu Ósk Eymundsdóttur varaformmanni, Eysteini Leifssyni ritara, og Jóni

Bjarna Þorvaldssyni meðstjórnanda. Starfsmaður félagsins er Hallveig Fróðadóttir. Varamenn stjórnar eru Sigríkur Jónsson, Malin Persson og Einar Ben Þorsteinsson. Stjórn hefur komið saman eða fundað símleiðis alls 7 sinnum frá síðasta aðalfundi auk þess að stjórnarmenn eru í talsverðum óformlegum samskiptum eins og gengur.

Að venju fóru formaður og ábyrðamaður hrossaræktar Þorvaldur Kristjánsson í árlega fundarferð s.l vetur, fundað var á átta stöðum Akureyri, Sauðárkróki, Gauksmýri í Hún, Borgarnesi, Reykjavík, Hellu, Hornafirði og Egilsstöðum. Heilmikið fundarefni lá fyrir fundunum sem bæði vörðuðu málefni FHB og síðan breytingar á dómaáherslum og ræktunarmarkmiði á Íslenska hestsins. Á fundunum skapaðist ágæt umræða um breytingar á áherslum í dómastarfinu, umræða og ábendingar sem fagráð hefur í framhaldinu haft til hliðsjónar við gerð endanlegar tillögu að breytingum.

Til upprifjunar þá vil ég nefna að farið var að ræða nefndar breytingar á hrossaræktarfundum árið 2016 og í lok árs þess var haldin ráðstefnan Íslensk hrossarækt í 100 ár og þar var vinnan við þróun ræktunarmarkmiðsins í raun formlega hafin. Veturinn 2017 fóru svo formaður fagráðs og Þorvaldur Kristjánsson í fundarferð um landið og kynntu og ræddu breytingar á ræktunarmarkmiðinu á sjö fundum um allt land. Árið 2018 voru haldnir tveir vinnufundir um málefnið, einn á Sauðárkróki og annar á Selfossi, þar sem fundarfólk var virkjað í hópavinnu um þessi mál. Svo í byrjun febrúar 2019 (11. Febrúar) voru drögin að almennum markmiðum, nýjum vægistuðlum og uppfærðum dómskala send út til formanna allra hrossaræktarsamtaka um landið. Þeir voru hvattir til að senda þetta út á sínar stjórnir og félagsmenn, ræða þetta í sínum ranni með möguleika á að fá okkur á fundi ef þurfa þætti. Í framhaldi af því fóru Sveinn og Þorvaldur á átta fundi um allt land þar sem fremur fullmótuð drög voru kynnt. Þetta eru því í heildina 17 fundir frá árinu 2017 þar sem þessi mál hafa verið kynnt.

Nú hefur farið fram kynning á breytingunum á sviði nefndarstarfs FEIF, en frekari kynningar á breytingunum munu fara fram á aðalfundinum og ráðstefnu fagráðs síðar í dag sem og á fundum hjá aðildarfélögunum í upphafi næsta árs. Því miður hafði Þorvaldur ekki kost á að vera hér í dag en í hans stað mun Heimir Gunnarson flytja erindi Þorvaldar. Stefnan er sú varðandi þessa vinnu alla að breytingarnar öðlist gildi á næsta ári en til þess þarf samþykki aðalfundar FEIF.

Eins og ákveði var á síðasta aðalfundi þá er Félag hrossabænda orðið eigandi að hlut í LM ehf eftir kaup félagsins á hlut BÍ. Eins og kunnugt er þá snýst starf LM um landsmótahaldið og gerð og uppbyggingu myndabanka sem hýstur er í WF. Starf LM er í ágætu jafnvægi að ég tel bæði hvað starf og fjármál varðar. Upplýsingar um starf LM ehf er aðgengilegur á síðu lhestar.is

Landsmót verður á næsta ári á Hellu og er það hrein tilhlökkun, mikið undirbúningsstarf hefur verið í gangi enda stórmál að halda landsmót. Þá er í farvegi að ganga frá samningi við Hestamannafélagið Sprett um að halda landsmót 2022 og svo verður fljótlega auglýst eftir mótshöldurum 2024. Er von allra að gott jafnvægi sé að nást í tekju- og kostnaðarskiptingu í kringum landsmótin en samningar eru gerðir á samningsgrunni sem hefur verið í mótun og orðin ágæt samstaða um. Við vitum hinsvegar það er lifandi verkefni að halda áhugavert landsmót, lengd og dagskrá mótanna þarf sífellt að endurmeta í ljósi heldur minnkandi aðsóknar.

Við höfum eins og fundarmenn vita verið aðili að tímamóta verkefni (að mínu viti) á sviði kynningar og markaðsvinnu en síðustu 4 ár hefur verkefnið Horses of Iceland verið í gangi og raunar lengur ef aðdragandi að verkefninu er meðtalin. Verkefnið hefur eflst og proskast með hverju árinu, gríðarmikið efni, upplýsingar og myndefni orðið til sem mun standa með allri kynningu á hestinum og hestamenskunni í framtíðinni. Verkefnið var byggt á grunni tímabundins samnings við ríkið en sá samningur rennur út í árslok. Við í stjórn höfum mikinn áhuga á því að verkefnið haldi áfram og þá á grunni nýs samnings, við höfum auðvitað talsvert rætt þetta bæði í stjórn og eins á fundum en mikilvægt að við tökum þetta fyrir hér á fundinum. Það fer auðvitað ekkert frá okkar að þurfa að kynna hestinn og hestamenskunna, samkeppni

er um frítíma fólks og samkeppni meðal hestakynja. Þetta vitum við og því þarf kerfisbundin markaðsvinna að vera í gangi, ekki stundum, ekki tilviljunarkend heldur samfeld og markviss. Eins og við höfum rætt áður og vitum þá hefur Félag hrossabænda enga burði til að sinna þessum mikilvæga þætti eitt og sér heldur verða hagsmunaaðilar að taka höndum saman og eins og gert er í Horses of Iceland verkefninu þannig er þetta möguleiki. Jelena Ohm verkefnisstjóri mun kynna helstu verkefni ársins fyrir fundarmönnum síðar á fundinum. Ekki liggur enn fyrir að ríkið bjóði okkur uppá nýjan samning en ákveðin vinna er komin í gang. Hluti verkefnastjórnar hefur farið til fundar við þá ráherra sem málið varðar og lýst yfir eindregnum áhuga á að verkefnið haldi áfram. Formaður vill ekki trúá öðru en því að okkur bjóðist nýr samningur sem muni verða á svipuðum nótum og fyrri samningur. Þetta þarf auðvitað að liggja fyrir sem fyrst ekki síst vegna þeirra samstarfsaðila sem lagt hafa verkefninu stuðning sinn og gert verkefnið að veruleika.

Í umræðum á síðasta aðalfundi var talsvert rættum vaxandi búskap með blóðmerar og hvaða áhrif sá búskapur hefur á hestahaldið. Ýmislegt var rætt á fundinum í ágætu hringborðsumræðuformi og m.a afsetning folaldanna en ljóst er af umræðunum að fólk hefur vissar áhyggjur af því að folöld blóðhryssna séu boðin á lífhrossamarkað fyrir lágt verð sem er afar óheppilegt. Það er óheppilegt í ljósi þess að stór hluti þeirra hryssna sem notaður er til blóðtöku hefur verið tekin úr ræktunar- eða reiðhestahlutverki vegna þess að þær hafa ekki staðið sig sem skyldi, annar hluti hyssuhópsins er ekki taminn og þar af leiðandi vöntun á upplýsingum um hæfni og getu til reiðhesta- eða ræktunarhlutverks. Ýmsar hugmyndir hafa verið ræddar í sambandi við einverskonar auðkenningu á þessu starfi. En hvað sem því líður er mikilvægast af öllu að farvegur sé til afsetningar á folöldunum, og að verð sé ásættanlegt. Félagið hefur lagt markaðsaðgerðum sérstaklega til og má segja að viðskiptasambönd sem urðu til á grunni markaðátaks í Japans sé að skila sér en vaxandi áhugi er fyrir frampörtum af folöldum til Japans en mestu vandræðin undanfarið ár hafa tengst sölu á þeim pörtum. Við höfum átt gott samstarf við Erlend Garðarsson sem aftur er í sambandi við afurðasala og upplýsir okkur um stöðu mála.

Á síðasta aðalfundi fengum við góðar upplýsingar um hver staðan er sambandi við sumarexemið og má segja að en áhugaverðari upplýsingum er til að dreifa núna. Lokaáfangi í þróunarferli bóluefnis er hafinn þar sem þegar er farið að safna hrossum að Keldum og undirbúningur og aðlögun mun hefjast í desember. Hrossin verða bólusett 3 sinnum og síðan flutt út í byrjun mars. Félag hrossabænda tók að sér að útvega þau 27 hross sem vantar í rannsóknina og hefur sú vinna gengið vel. Hrossin þurfa eins og fram hefur komið að vera þæg og traust og henta í starf reiðaskóla en fyrir liggur að nokkrir aðilar í Bern í Sviss munu taka hrossin að sér, nota þau í sína starfsemi en hafa þau engu að síður tiltæk gagnvart rannsóknarvinnunni gegn því að eignast þau í lokin. Þessi samvinna er verkefninu afar mikilvæg, sparar gríðarlegar fjárhæðir og býr til mikla jákvæðni gagnvart þessum lokaþætti við að þróa forvarnbóluefni gegn sumarexemi. Félag hrossabænda hefur lýst yfir miklum stuðningi við verkefnið og því að afla því fjármuna til lokaáfangans. Á dagskrá fundarins er að ræða frekar einstök atriði úr skýrslu formans og stjórnar til ferkari upplýsingar fyrir fundarmenn.

Starfsmaður félagsins Hallveig Fróðadóttir hefur átt við veikindi að stríða á þessu ári eins og flestum ykkar er kunnugt um, en ég ber ykkur kveðju frá Hallveigu en ég veit að hún hefði svo gjarnan viljað vera hér í dag. Sveinn Steinarsson, formaður.

